

**From:** [Björn Gíslason](#)  
**To:** [USKrad](#)  
**Cc:** [Líf Magneudóttir](#)  
**Subject:** Tillaga XD Umhverfis- og heilbrigðisráð 15. des 2021.  
**Date:** miðvikudagur, 15. desember 2021 13:00:12

---

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í umhverfis- og heilbrigðisráði um öryggisúttekt á leiktækjum í umsjá og eigu Reykjavíkurborgar.

Umhverfis- og heilbrigðisráð samþykkir að heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar láti framkvæma öryggisúttekt á öllum leiktækjum í umsjá og eigu Reykjavíkurborgar. Sérstaklega verði horft til öryggi tækjanna við ákveðnar veðuraðstæður í vetrarveðrum. Þá er lagt til að bætt verði úr án tafar þar sem öryggi leiktækjanna er ábótavant. Enn fremur skal skoðað ofan í kjölinn alvarlegt atvik, sem átti sér stað við Korpuskóla, 30. nóvember síðastliðinn. Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkurborgar verði falið að skila skýrslu til ráðsins hið fyrsta, bæði vegna úttektar og atviksins við Korpuskóla.

Greinargerð:

Nauðsynlegt er að umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkurborgar láti skoða ofan í kjölinn alvarlegt atvik, sem átti sér stað við Korpuskóla, 30. nóvember síðastliðinn, en þar var fimm ára stúlka hætt komin þegar hún renndi sér niður lokaða rennibraut, sem lokuð var í annan endann með snjó. Þarna hefði vel getað farið verr. Reykjavíkurborg verður hafa hlutina í lagi, ekki síst þegar að börnin eiga í hlut. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja það því skyldu ráðsins að sinna eftirlitshlutverki sínu af kostgæfni þegar upp koma atvik sem þessi. Með því er hægt að fyrirbyggja að slysin eigi sér stað. Þá er ekki síður mikilvægt að framkvæmd verði almenn öryggisúttekt á öllum leiktækjum í umsjá og eigu borgarinnar. Horft verði sérstaklega til veðuraðstæðna með hliðsjón af umræddu atviki. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks í umhverfis- og heilbrigðisráði leggja því til að öryggi allra leiktækja verði skoðað, tryggt og bætt úr án tafar þar sem við á.

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.